

Ed.

138. Frumvarp til laga

[116. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974 og lög nr. 3 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Í stað „ $\frac{3}{4}$ hlutum“ í 3. málsg. 7. gr. laganna komi: $\frac{4}{5}$ hlutum.

2. gr.

Í stað „9 mánaða“ í 1. málsg. 8. gr. laganna komi: 6 mánaða.

2. málsg. 8. gr. orðist svo:

Grundvöllur stigaútreiknings hvert almanaksár skal vera samanlagt dagvinnu-kaup bónda og húsfreyju samkvæmt verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan að viðbættu 20% álagi, og nefnist fjárhæð þessi grundvallarlaun ársins. Veiti almenn kaupgjaldsþróun tilefni til að ætla, að 20% álag leiði til óeðlilegrar hækkunar grundvallarlaunanna, getur ráðherra að fengnum tillögum sjóðstjórnar, ákveðið lægra álag, þó ekki undir 10%. Verði útreikningur verðlagsgrundvallar lagður niður eða svo veigamiklar breytingar gerðar á honum, að hann verði að dómi ráðherra ónothæfur sem mælikvarði að þessu leyti, skal ráðherra að fengnum tillögum frá sjóðstjórn og Hagstofu Íslands ákveða nýjan grundvöll fyrir stigaútreikning.

3. gr.

3. málsg. 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða) orðist svo:

Árin 1976—1979 skal sjóðurinn greiða þeim lífeyrisþegum, sem rétt eiga samkvæmt II. kafla laganna, sérstaka uppbót, þannig að frá 1. janúar 1976 hækki grundvallarlaun, sem við er miðað, um 50% frá því, sem þau eru að lokinni hækkun samkvæmt 24. gr., en taki síðan breytingum hinn 1. júlí og 1. janúar ár hvert, í síðasta sinn 1. júlí 1979, í hlutfalli við breytingar, sem orðið hafa á grundvallarlaunum samkvæmt lögum nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Elli-

Um 2. gr.

Í 1. málsg. er gert ráð fyrir heimild til handa sjóðstjórn til að herða á innheimtu skilagreina um iðgjöld með því að stytta núgildandi skilafrest um 3 mánuði. Er hér fyrst og fremst um að ræða hagsmunamál þeirra iðgjaldsgreiðenda, sem rétt eiga á endurgreiðslu, en gjalda þess, að óeðlilegur dráttur er á nauðsynlegum upplýsingum frá fáeinum söluaðilum.

Um 2. málsg. er fjallað í almennum athugasemdum hér að framan. Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti ákveðið lægra álag en 20%, ef horfur í kaupgjaldsmálum veita tilefni til slíks. Er eðlilegt, að við slíka ákvörðun sé höfð hliðsjón bæði af sennilegri þróun á komandi ári og því, hvert samræmi hefur verið milli grundvallarlauna sjóðsins og kaupgjaldsþróunar á undanfarandi árum.

Um 3. gr.

Um ákvæði greinarinnar skírskotast til almennra athugasemda hér að framan. Full verðtrygging fyrstu 20 stiganna við greiðslur samkvæmt I. kafla í stað 15 stiga er í samræmi við samkomulagið frá 22. júní 1977.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.